

## Umhverfis- og auðlindastefna Orku náttúrunnar

Umhverfis- og auðlindastefnan er skuldbinding fyrirtækisins um stöðugar umbætur í umhverfismálum, hún veitir aðhald við setningu markmiða og er grundvöllur góðs samstarfs við hagsmunaaðila. Umhverfis- og auðlindastefnan byggir á gildum og heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur. ON stefnir á að minnka kolefnisspor sitt um 60% til ársins 2030 miðað við kolefnisspor ársins 2015.

Fyrirtækið hlítir öllum ákvæðum laga og reglugerða sem um starfsemina gilda.

Umhverfis- og auðlindastefnan er sett fram með meginreglum hér fyrir neðan og útfærð nánar með markvissri stjórnun og umbótum þýðingarmikilla umhverfisþátta.

### Ábyrg auðlindastýring

Fyrirtækinu er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem hún nýtir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu, það er að kynslóðir framtíðar eigi sömu tækifæri og núverandi kynslóðir til hagnýtingar auðlindanna og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. Fyrirtækið skuldbindur sig til þess að leita farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannabágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni. Fyrirtækið mun verja auðlindirnar fyrir ógnun og ágangi, vegna þeirrar ábyrgðar sem henni er falin.

### Gagnsemi

Framleiðsla fyrirtækisins stuðlar að heilnæmum lífsskilyrðum og tækifærum til umhverfisvænnar starfsemi sem aðgangur að afurðum fyrirtækisins er forsenda fyrir. Þessi jákvæðu umhverfisáhrif af starfseminni eru ráðandi þegar ákvarðanir eru teknar um þróun virkjana. Ákvarðanir eru byggðar á því að fyrirtækið setur markið hátt varðandi gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og birtir greinargóðar upplýsingar um frammistöðu sína og framtíðaráætlanir í þeim efnum.

### Áhrif losunar

Starfsemi fyrirtækisins leiðir óhjákvæmilega til þess að efni og orka losna til umhverfisins. Fyrirtækið gætir fyllstu varúðar í starfsemi sinni. Losun fer því aðeins fram að áhrif á heilsu séu hverfandi og áhrif á umhverfi viðunandi. Fyrirtækið dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og mengandi efna eins og kostur er og leggur áherslu á rannsóknir og þróun til að geta nýtt bestu mögulegu lausnir í þeim tilgangi.

### Áhrif í samfélaginu

Fyrirtækið er stórt fyrirtæki á landsvísi og þar er mikla þekkingu að finna um hagnýtingu jarðavarma og aðra þætti í starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið miðlar þekkingu og beitir áhrifum í virðiskeðjunni, sem hvetur til ábyrgrar umgengni við umhverfið og jákvæðra samfélagsáhrifa.

### Reksturinn

Rekstur fyrirtækisins byggir á skipulegum og öguðum verkum margra starfsmanna í dreifðum starfsstöðvum. Þetta felst meðal annars í því að nýta vel aðföng, vanda til mannvirkja og umgengni um lóðir og lendur, meðhöndla úrgang á ábyrgan hátt og hvetja til vistvænna samgangna. Fyrirtækið vill vera til fyrirmyndar og byggja upp hæfni starfsfólks í þessum efnum.

Stefnan byggir á gildum og heildarstefnu ON og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðu OR.